

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20.11.2002
Tilv. 02.109, 20.103
GÁS/gás

Samtök verslunarinnar vísa til tveggja bréfa hæstvitrar allsherjarnefndar Alþingis, dags. 21. október 2002, þar sem óskað er umsagnar um tillögur til þingsályktunar um samanburð á matvælavæðri héraðs og á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu annars vegar og um athugun á orsökum fyrir háu matvælavæðri á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins. Er hér um að ræða 3. og 7. mál og nær umsögn þessi til þeirra beggja.

Samtökin hvetja til þess að þessar þingsályktunartillögur verði samþykktar og telja nauðsynlegt að gerðar verði ítarlegar rannsóknir á ástæðum þess að matvælavæð hér á landi er svo hátt sem raun ber vitni. Hafa samtökin m.a. hvatt yfirvöld samkeppnismála til frekari athugunar á matvælamarkaði hér á landi eftir að skýrsla Samkeppnisstofnunar um matvörumarkaðinn var gefin var út í maí 2001. Ekki hefur verið orðið við þeirri málaleitan.

Í þeim töflum sem birtar eru í greinargerð með tillögu á þingskjali 3 er athyglisvert að skoða þá þróun sem orðið hefur á vísitölum fyrir matvöru frá og með árinu 1996. Til glöggvunar hafa samtökin sett þær tölur sem birtar eru í línurit sem sýna á skýrari hátt þróunina og fylgja þær umsögn þessari. Er ástæða til að skoða nákvæmlega hvað hefur gerst á matvörumarkaði eftir þann tíma enda verðþróunin eingöngu upp á við.

Nauðsynlegt er að athuganir á háu matvælavæðri hér á landi taki til sem flestra atriða sem hafa áhrif á myndun verðs. Verða hér nefnd nokkur atriði sem samtökin telja að þurfi að skoða vandlega en það eru samþjöppun á matvælamarkaði hér á landi, álagning í smásölu og þróun hennar, áhrif landbúnaðarkafla samningsins um Alþjóða viðskiptastofnunina og tolla- og vörugjaldsálagning sem er veruleg á matvæli.

Samþjöppun á matvörumarkaði hér á landi hefur verið mjög mikil undanfarin ár. Er nú svo komið að tvær keðjur hafa markaðsráðandi stöðu á matvörumarkaði, með 60 - 70% markaðarins á landsvísu og um 85% á höfuðborgarsvæðinu. Þessi samþjöppun sem gerst hefur á síðustu árum hefur ekki leitt til þess að matvöruverð hafi lækkað, síður en svo. Ætla mætti að með stærri einingum sköpuðust tækifæri til hagkvæmari

innkaupa á betri verðum. Hins vegar verður ekki séð að sú hagkvæmni hafi leitt til verðlækkunar fyrir neytendur.

Með samningnum um Alþjóða viðskiptastofnunina (WTO) voru gerðar þær breytingar á innflutningi landbúnaðarvara að i stað innflutningsbanns sem áður gildi, t.d. á kjöt og mjólkurvörur, voru lagðir á svokallaðir verndartollar. Er hér um að ræða himinhá gjöld sem bæði eru lögð á sem fast gjald á kíló og sem hlutfall af verði. Þessi gjöld hafa það í för með sér að nánast er útilokað að flytja þessar vörur til landsins. Þessi vernd hefur ennfremur í för með sér að verð á innlendum landbúnaðarvörum helst hátt þar sem samkeppni við erlendar vörur er nánast engin.

Ein hugsanleg ástæða hækkunar matvæla-verðs er breytingar á lögum um vörugjald sem tók gildi á miðju ári 1996. Reyndar kemur fram í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum að í því fælist lækkun á vörugjaldi. Það er athyglisvert að skoða að nánast engin lækkun er þar gerð á vörugjaldi á þær matvælategundir sem bera vörugjald heldur þvert á móti virðist vörugjaldið standa í stað og hækka verulega á einstaka tegundir, s.s. sykurvörur ýmiskonar. Brýn nauðsyn er á að afnema vörugjald og fyrsta skref í þá átt ætti að vera að fella það niður af matvælum. Þó að vörugjaldið leggist aðallega á drykkjarvörur, sykurvörur og sælgæti eru það stórir kostnaðarliðir í innkaupakerru heimilanna.

Tollar á matvæli, þó ekki sé um að ræða verndartolla sem fjallað hefur verið um, eru verulegir. Þar sem matvæli eru almennt undanþegin ákvæðum EES-samningsins geta íslensk stjórnvöld haldið tollum á stórum hlutum matvæla sem flutt eru inn frá EES-svæðinu. Þá má heldur ekki líta fram hjá því að stór hluti matvæla sem flutt eru hingað til lands koma frá löndum sem eru utan EES og þá sérstaklega Bandaríkjunum. Við skoðun á tollskrá kemur í ljós að algengt er að tollar á vörur sem flokkast til matvæla eru 10-30% auk þess sem á fjölmargar vörur er einnig lagður magntollur.

Að lokum lýsa Samtök verslunarinnar sig reiðubúin til að mæta á fund hæstvitrar allsherjarnefndar verði þess óskað.

Virðingarfyllst

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri

Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.